

Nd.

275. Frumvarp til laga

[118. mál]

um breyting á lögum nr. 22 1. febr. 1952; um ný orkuver og nýjar orkuveitur rafmagnsveitna ríkisins, og lögum nr. 55 20. apríl 1954, um breyting á þeim lögum.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

1. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

1. að virkja Grímsá á Völlum til raforkuvinnslu í allt að 4000 hestafla orkuveri og leggja frá orkuverinu aðalorkuveitu til Egilsstaða, Seyðisfjarðarkaupstaðar, Neskaupstaðar, Eskifjarðarkauptúns, Búðareyrar í Reyðarfirði og Búðakaup-túns. Enn fremur frá Búðakaup-túni til Stöðvarfjarðar og frá Egilsstöðum um Eiða að Lagarfossi.

2. gr.

Við 4. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjuninni um Norður-Þingeyjarsýslu.

3. gr.

Í stað „1000 hestafla“ í 5. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: 1500 hestafla.

4. gr.

Í stað „úr Landeyjum“ í 7. tölul. 1. gr. laga nr. 22/1952 komi: frá Hvolsvelli.

5. gr.

Við c-lið 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist orðin: eða leggja aðalorkuveitu frá orkuverinu við Þverá í Steingrímsfirði til Króksfjarðarness, til þess að veita þaðan raforku um þá hreppa og suður um Dalasýslu.

6. gr.

Við 1. gr. laga nr. 55/1954 bætist fjórir nýir liðir, svo hljóðandi:

- d. að leggja aðalorkuveitu frá Laxárvirkjun í Suður-Þingeyjarsýslu til Fljótisdals-héraðs til að tengja saman orkuveituvæði Norðurlands og Austurlands.
- e. að leggja aðalorkuveitu um Gönguskörð til Húnavatnssýslu til að tengja saman Gönguskarðsárvirkjunina og Laxárvatnsvirkjunina.
- f. að leggja aðalorkuveitu frá Hvolsvelli að Skógaskóla.
- g. að gera ráðstafanir til að auka flutningsgetu eldri aðalorkuveitna.

7. gr.

2. gr. laga nr. 22/1952 orðist svo:

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán fyrir hönd ríkissjóðs eða ábyrgjast lán, sem rafmagnsveitur ríkisins taka, að upphæð allt að 130 millj. kr., til greiðslu kostnaðar þeirra mannvirkja, sem um getur í 1. gr. laga nr. 22/1952, með síðari breytingum. Af þeirri upphæð má taka nokkurn hluta eða hana alla sem lán úr raforkusjóði, samkvæmt 1. lið 35. gr. raforkulaganna.

8. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 2. gr. laga nr. 55/1954.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra ásamt meginmáli laga nr. 55/1954 inn í lög nr. 22/1952 og gefa þau út svo breytt.